



FRÉTTABRÉF

FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

3.tbl. September 2023

Myndefni forsíðunnar er að þessu sinni er helgað félagsskapnum **“Karlur í skúrum”** í Hafnarfirði. Karlarnir eru með um það bil 200 fm pláss og þar eru 7 rennibekkir og ýmis önnur tæki. Þeir renna, tálga, skera út, vinna í leðri, framkalla og stækka myndir ásamt því að spila bridge. Kaffi og spjall er einnig vinsælt hjá þeim og opið hús er þriðjud. og fimmtud. frá kl. 10-12.

Allir eru velkomnir til þeirra að Helluhrauni 8.

Myndirnar eru af verkum eftir þá **Steindór Vilhelmsson** og **Helga Má**.



Hnota 20 x 4 sm
Helgi Már



Lerki 26 x 10 sm
Steindór Vilhelm



Hnota 30 x 10 sm
Steindór Vilhelm



Greni 24 x 12 sm
Steindór Vilhelm



Reykt eik 20 x 20 x 5 sm
Helgi Már



Einn af máttarstólpum félags okkar hann Úlli er við tréskurð þegar ég geng inn í helgidóminn á Selfossi. Í helgidóminum eru bæði gamlar og nýjar vélar sem heilla alla handverksmenn upp úr skónum, bandsögin og standborvélin standa þar uppúr, úrvals græjur sem aldrei bila og svo auðvitað öll hin verkfærin, heill heimur út af fyrir sig.

Úlfar Sveinbjörnsson eða Úlli er fæddur í Reykjavík eða nánar tiltekið á útvarpsstöðinni á Vatnsendahæð eins og hann orðar það á því herrans ári 1940 en faðir hans var stöðvarstjóri stöðvarinnar og þar er okkar maður til þriggja ára aldurs er fjölskyldan flytur á Óðinsgötuna þar sem faðir Úlla var með radíó- og raftækjavinnustofu frá árinu 1943.

Á verkstæðinu voru margskonar verkfæri sem Úlli lærði fljótt að nota til allskonar smíða bæði á járn og tré. Undraheimurinn, verkstæðið varð Úlla hvatning til endalausrar sköpunar á allskonar hlutum og varningi. Úlli sýnir mér flottan fisk rotara sem hann renndi úr ryðfríu stáli í bekknum á radíó verkstæðinu.



"Úllafugl".



Þjóðlegt.



Meistari Úlli.



Vasar og skálar.



Kaffiborðið.



Útskornir fuglar.

Úlli fékk líka að reyna sig við sveitastörfin þar sem hann var í sveit Kaldaðarnesi við Ölfusa í sex sumur frá 9 ára aldri og varð fljótt meistari traktoranna Ferguson og Massey Harris.

Eftir nám í útvarpsvirkjun lá leiðin árið 1959 til útvarpsins, þess eina og sanna sem þá var þ.e. Ríkisútvarpsins og er tæknimaður útvarpsins þar til Sjónvarpið hóf starfsemi 1965 en ráðinn ári áður og verður fyrsti hljóðmaður þess.

Ekki lét okkar maður þar við sitja heldur dreif sig í lðnskólann árið 1970 og lærði rafvirkjun og vann síðan við fagið allt þar til hann tók við reskstri radíóstofu föður síns og rekur til þess tíma er starfsemin var lögð niður. Hann ræðst þá til starfa hjá Alþingi og er þar í 25 ár í starfi upptökumanns á ræðum þingmanna, var einn í starfinu árum saman og tók upp allar ræður þar til hann lét af störfum og fór á eftirlaun árið 2006 og flytur á Selfoss 2008 ásamt eiginkonu sinni Kristínu Steingrimsdóttur sem lést úr Alzheimer ári 2015.

Okkar maður er hress og sprækur létt klæddur sumar sem vetur, mætir á hvern Rennarafund þó færðin sé erfið, duglegur að ferðast um á Dusternum með vínrauða hjólhýsið í eftirdragi og setur sig niður á áhugaverðum stöðum með góðum vinum. Skáti frá unga aldri, einu sinni skáti – alltaf skáti. Einusinni handverksmaður – ávallt handverksmaður.



Salatskálín.



Rotarinn.



Verkstæði meistarans.

Höf: Engilbert Gíslason



HUGLEIÐING RITSTJÓRA

Engilbert Gíslason

Enn er ritstjóra mál að fjalla um gömlu handverkin. Eitt sinn er ég fylgdist með lausamuna uppboði í Englandi var dregið upp verkfæri sem ég þóttist þekkja sem hamar ísláttarmannsins. Ísláttarmaður var sá er við skipasmíði eða viðgerð sló inn hampi milli plankanna, ísláttur, í síðu skips til þéttingar. Þekkti ég verkfærið strax eftir ungdóms heimsóknir í slíppana heima í Eyjum forðum daga en náði ekki enska heitinu sem uppboðshaldari notaði svo ég sló því íslenska heitinu sem ég þekkti upp í orðabók SNÖRU. Merkilegt nokk, orðið ísláttur eða ísláttarhamar/maður er ekki til í bókinni en fann svo enska heitið um hamarinn en það er „Boat Caulking Mallet“ Caulking = Þétting.

Eftir töluverða leit kom ég niður á orðið „Kalfatta“ sem sagt er vera orðið fyrir þetta verkefni þ.e. þétting skipa, verkefni sem við flestir Eyjamenn þekkjum sem íslátt. Kalfatta er komið úr dönsku „Kalfatre“ að mér sýnist. Orðið ísláttur var alltaf notað um þetta verk í Eyjum en mér telst til að Kalfatta hafi verið notað annars staðar á Íslandi.

Og talandi um gömul og víkjandi handverk má nefna starfsheiti tunnusmiða sem er BEYKIR. Hér áður fyrr þekktum við orðið beykir um tunnusmið og voru nokkrir sem höfðu það sem viðurnefni t.d. Jón Beykir o.s.frv og kona sem ég þekkti og var dóttir tunnusmiðs eða beykis var alltaf kölluð „Sigga beyk“.



Ísláttarjárn.



Ísláttarhamar.



Beykir að störfum.



FRÉTTABRÉF
FÉLAGS
TRÉRENNISMIÐA
Á ÍSLANDI

Ritstjóri: Engilbert Gíslason Pistlahöfundar: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson
Ljósmyndir: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson • Steindór Guðjónsson •
Ebenezer Bárðarson Umbrot & Prentun: Prentun.is • Bæjarhrauni 22

1973 - 2023

50 **Ásberg**

BUDGET PRODUCT OF THE YEAR

Made in Austria

Ásberg - Smiðjuvegi 11 . 200 Kópavogur (gul gata) - Sími 5641212 - www.asberg.is

VORFERÐ TIL EYJA

Vorferðin að þessu sinni var farin laugardaginn 29. apríl til Vestmannaeyja.

Haldið var frá smiðaverkstæði Fjölbautar í Breiðholti klukkan 06:30. Fyrsta stopp var á N1 í Ártúnsbrekku en þar tókum við upp vistir til nota undir kvöld í ferðinni. Næsta stopp var á Selfossi þar sem Þorkell Gunnarsson og frú komu um borð. Því næst átti að stoppa við vegamót Skeiðavegar og hringvegarins Nr. 1 þar sem um borð ætluðu að koma Guðmundur Magnússon og frú en ekki tókst betur til en svo að brunað var á fullri ferð framhjá vegamótunum, ekki tók fararstjóri eftir þessu en glöggir félagar áttuði sig og um það leyti sem fundinn var staður til að snúa rútnu til baka komu boð frá Guðmundi um að þau hjón myndu elta okkur til Hellu og koma þar um borð. Allt fór þetta sem betur fer vel að lokum og áfram var haldið í glaðværð til Landeyjahafnar.



Í Slippnum.

Eftir komuna til Eyja fórum við smá rúnt um bæinn þar sem fararstjóri sagði frá húsum sem ekið var framhjá, eigendum og starfsemi eða búsetu ásamt með því að minnst ólátabelgja fyrri tíðar er ekið var um götur þar sem slíkir ólust upp í ungðæmi fararstjóra og Magnúsar Kristmannssonar.

Að þessum rúnti loknum var tekið hús á Visku fræðslusetri þar sem Hörður Baldvinsson og Minna Ágústsdóttir tóku á móti hópnum og fræddu um starfsemina.

Meðan við stöldruðum við í Visku bættist í hópinn séra Viðar Stefánsson prestur í Eyjum en hann dundar sér við rennismiði í bílskúr sínum í frístundum.

Frá Visku var haldið í veitingahúsið Slippinn sem er í húsi sem fyrrum hýsti vélsmiðjuna Magna sem eftir gos varð hluti af Skípalayftunni er smiðjurnar Magni og Völundur sameinuðust.



Matast í Slippnum.



Bekkurinn.

Veitingasalur Slippins er á 2.hæð smiðjunnar þar sem rennibekkir og véla- verkstæði var áður en á jarðhæð voru járnsmiðir og eldsmiðja. Vélsmiðjan Magni var afar vel staðsett þar sem hún var alveg við báða slippana sem þarna voru áður.

Gísli veitingamaður Slippins er þekktur á heimsvísu fyrir frumlegheit í matargerð og notkun land- og sjávarjurta í meðlæti og kryddi. Á borðum sem gerð eru úr gömlum lestar fjölum var gómsæt Blálanga sem gerð voru góð skil.

Að málsverði loknum var haldið í bílskúr séra Viðars þar sem gat að líta hreinlegsta renniverkstæði landsins ásamt ýmsum munum sem Viðar hefur verið að renna, já það var hvergi rykkorn að finna hjá séra Viðari, aðeins listmuni.



Ebbi og Ólafur í Málmei (Vestmanneyska) í prestsins skúr.



Prestsins lager.

Eftir góða stund hjá séra Viðari var haldið í skúrinn hjá Kristmanni Kristmannssyni, múrarmeistara, þúsundþjala smið og bróður Magnúsar Kristmannssonar.

Hjá Kristmanni var snyrtimennskan einnig í fyrirrúmi ásamt fjölda renni- og útskurðar muna sem hann hefur verið að dunda sér við í frístundum sínum.

Það verður að segjst að svona heim-sóknir eru afar gefandi ekki bara fyrir okkur heldur einnig fyrir þá sem heimsóttir eru.

Eftir góðan tíma hjá bæði séra Viðari og meistara Kristmanni var haldið í ferð um Heimaey og staldrað við á nokkrum stöðum áður en haldið var í hús Magnúsar og Ólafar við Faxastíg. Inn voru bornar veitingar úr lest rútunnar og sest að snæðingi þar sem sagðar voru sögur og gamanmál þar til haldið var á ný til Herjólfss sem lagði frá bryggju með hópinn kl 22:00, ferðin til Reykjavíkur gekk í alla staði vel þar sem ferðafélagar nutu hvíldarinnar og við gleymdum ekki að skila félagu Guðmundi og frú í bíl þeirra á Hellu, komin á upphafs-reit við Smíðahús Fjölbrautar laust eftir miðnætti.



Listmunir Kristmanns.



Pennar séra Viðars.

FARSÆLL

Vélbátaöldin í Eyjum hófst árið 1906 en þá voru gerðir út á vetrarvertíð tveir litlir vélbátar og 28 áraskip. Öll áraskipin eru nú löngu horfin nema Farsæll sem er verðugur fulltrúi þessa langa tímabils áraskipanna.

Farsæll var smíðaður fyrir Hvolshreppinga 1872 af Tómasi Jónssyni bónda að Arnarhóli í Landeyjum. Báturinn var upphaflega fjórróinn, en síðar gerður að sexæringi. Farsæll var gerður út til 1930 og sótti jafnan fiskimiðin við Vestmannaeyjar. Önnur þekkt áraskip Eyjamanna með Landeyjarlagi voru Gideon, Trú og Ísak, smíðuð að Ljótarstöðum í Landeyjum. Núverandi lega bátsins er vestast á Skipasandi sem var áður uppsátur áraskipanna

The motorboat age in Vestmannaeyjar began in the winter fishing season of 1906, with the operation of two small motorboats and 28 rowing ships. All the rowing ships have now long gone, except for Farsæll, which is a worthy representative of this long period.

Farsæll was built in 1872 by Tomas Jonsson, a farmer at Arnarholl in Landeyjar. The boat was originally four-oared but later converted to a six-oarer. Farsæll was operated until 1930 and it usually worked the fishing grounds around Vestmannaeyjar. Farsæll is currently kept at the westernmost part of Skipasandur which used to be the dockyard of the rowing ships.



Farsæll í anddyri Visku.



Bræðurnir Magnús og Kristmann.



Rennimeistararnir Tómas, Sigurður og Magnús Hlíða á orð Séra Viðars.



Renniverkstæði séra Viðars - hvergi ryk.



Horft til Íslands frá Stórhöfða.



KVARTSAGAÐUR VIÐUR FYRIR DISKA

Umsjón: Örn Ragnarsson

Fróðleikur frá Glenn Lucas

“Ég er oft spurður um kosti kvartsögunar fyrir diskarennslu. Þverstæðir vaxtarhringirnir gera viðinn stöðugri og sterkari, verpst síður, og hann er endingarbetri en við hefðbundna sögun. Og ekki má gleyma einstöku útlitinu, með geislandi munstrinu sem gerir gripinn enn meira “elegant”. En eins og alltaf þá er nokkrir vankantar. Kvartsagaður viður er oft mun dýrari og erfitt að nálgast hann. Þá getur sögunaraðferðin takmarkað stærð hlutarins. Ef þér tekst vel upp getur kvartsagaður viður verið góður kostur þegar þú rennir diska.”

Fyrir áhugasama má benda á heimasíðu Glenn Lucas þar sem hann sýnir sögun og fleira á www.glennlucaswoodturning.com. Hér koma nokkrar gagnýtar upplýsingar er varða kvartsagaðan við.

Kvartsagaður viður hefur marga kosti:

- **Stöðugleika:** Vegna þess að árshringirnir liggja þvert á yfirborði viðarins, er kvartsagaður viður stöðugri en viður sem sagaður með öðrum hætti, sem þýðir að hann verpst síður. Þegar ég saga með keðjusög eða í flettisöginni, get ég sagað í nánast endanlega þykkt þar sem mjög lítið fer í súginn vegna verpingar.
- **Styrkur:** Það að árshringirnir liggja þvert gerir kvartsagaðan við líka sterkari en við sem sagaður er með hefðbundnum hætti.
- **Útlit:** Oft birtist í kvartsöguðu við einstakt munstur sem getur verið eftirsóknarvert í ákveðnum renndum munum.
- **Betri ending:** Kvartsagaður viður klofnar síður eða springur síður með tímanum sem gerir hann endingarbetri.
- **Munstur trefja:** Þverskornir árshringirnir skapa fallegar beinar línur sem margir sækjast eftir í margs konar trésmíði.



Kvartsögun í undirbúningi.



Afurðin klár.

Ókostir við kvartsagaðan við:

- **Kostnaður:** Kvartsagaður viður er að jafnaði dýrari en viður sagaður með hefðbundnum hætti þar sem hann er erfiðari í framleiðslu og krefst meiri sögunar og meiri úrgangur fellur til.
- **Aðgengi:** Vegna þess að viðurinn er erfiðari og tímafrekari í vinnslu er erfitt að finna kvartsagaðan við og þá er framboðið minna.
- **Stærðartakmarkanir:** Vegna sögunaraðferðarinnar verða stykkinn smærri sem til falla, sem aftur takmarkar stærð þeirra hluta sem gera skal.
- **Gallar á yfirborði:** Kvartsagaður viður hefur oft galla á yfirborði svo sem kvisti og blettir, sem verða meira áberandi en hefðbundnum við.
- **Harka:** Sumar tegundir er erfiðara að vinna þegar kvartsagað er, sem veldur því að erfiðara er að renna og móta viðinn, einkum fyrir byrjendur.

NÆSTI FUNDUR
30. SEPTEMBER
KL. 10:00



Fundir eru haldnir á smíðaverkstæði Fjölbrautarsk. í Breiðholti við Hraunberg.

Fundir eru síðasta laugardag í september, október og nóvember 2023.

Svo aftur síðasta laugardag í janúar, febrúar og mars 2024.

Fundir hefjast kl. 10:00.

Í apríl er svo farið í vorferðalag.

HEIMSÓKN Á SNÆFOKSSTAÐI

Örn Ragnarsson skrifar

Skógræktarfélag Árnesinga rekur töluverða starfsemi á Snæfoksstöðum. Þar er umtalsverð skógrækt og viðarvinnsla. Forvitnilegt að skoða. Einhvern tíma í vetur hittumst við Bergur Þór Björnsson húsráðandi og prímus mótor á einum fundinum í Breiðholtsskóla. Bergur bauð í heimsókn og ég lofaði að láta sjá mig. Síðan leið og beið. Öðru hverju rifjaðist upp þetta heimboð og við karlarnir í Snúíð og skorið ræddum iðulega að nú yrðum við bara að fara, annað væri dónaskapur.

Svo koma að því. Þann 26. apríl buðum við, Ebbi, Binni og ég konum okkar í rómantískan bíltúr austur fyrir fjall og stefnan tekin á Snæfoksstaði. Við höfðum vit á að láta vita að við værum á leiðinni en þóttumst rata, sem reyndist svolítið loðin vitneskja en okkur tókst þó að finna Snæfoksstaði.

Á hlaðinu tóku á móti okkur tveir menn, áður nefndur Bergur og starfsmaður hans Ketil Nybö. Okkur var boðið kaffi og kleinur auk þess sem við fengum mikla fræðslu um starfsemi stöðvarinnar. Þarna er framleiddur eldiviður í neytendaumbúðum (pakkaður í grisjupoka), helsti markaður eru pízzuframleiðendur. Þá er viður sagaður niður í planka og borð. Einmitt þegar við litum þarna inn þá var verið að saga planku fyrir göngustíg í Öskjuhlíð. Utan dyra mátti sjá svera boli af ýmsum tegundum sem biðu úrvinnslu. Bergur sýndi okkur helstu vélar sem notaðar eru við vinnsluna og svo handverkið sitt sem er af ýmsu tagi enda maðurinn ötull og starfsamur.

Einnig mátti sjá hvernig öspin er notuð í bekki og klæðningar. Heimsókninni lauk svo auðvitað á því að við keyptum nokkrar spýtur. Anna keypti ösp og ætla að prófa að skera í hana. Sjálfur keypti ég birkilurk sem hafð verið í útiþurrkun í tvö eða þrjú ár og Ebbi keypti einhverja fjöl sem hann ætla að nota í góðan grip til gjafa. Heimleiðin var farin um Þingvelli og Mosfellsheiði.

Ég mæli eindregið með að félagar í Félagi trérennismiða geri sér ferð þarna austur og ekki sakar ef menn taka sig saman og hafa gaman í leiðinni. Það er vel þess virði.



Timbur á Snæfoksstöðum.



Ebbi, Bergur, Binni og Örn á Snæfoksstöðum.

MYNDIR AF VERKUM FÉLAGA

Pétur Eiríksson



Taflið.



Verk í patrónu.



Patrónan klár.

Hultafors
Handverkfæri í úrvali

vfs.is

**VERKFÆRA
SALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

The advertisement features a large image of a Hultafors chisel with a black handle and a silver metal head, lying on a dark wooden workbench. The chisel's handle has a textured grip and a red accent. The metal head has a sharp, beveled edge and a small logo. The background is a dark, worn wooden surface with some wood shavings. The text is arranged in a clean, modern layout with a red and white color scheme.

MYNDIR ÚR STARFINU



Víkingaskál verður til.



Formaður kynnrir trérennsli hjá Félagi eldri borgara í Garðabæ.



Alltaf kátur hann Guðmundur.



Andri rennir á fundi.



Nick Agar kom og kenndi okkur.



Vasi Nick Agar.



Hálsmen Nick Agar.



Félagsfundur.



Knipplingaverkfæri.



Mæligræjur Bjarna Þórs.



Félagsfundur.



Örn formaður heldur tölu.



Siggi tæknistjóri hefur stjórn á hlutunum.



Vínarbrauðs og kaffistund á fundi.



Pórir lítur upp til Sigurðar.



Vínarbrauðsstund rennara er partur af hittingnum.



Smíðsgripir á kaffistofu.


Röggi ehf.

Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is

Þjónusta við lðnaðinn

Lofpressur, trésmíðavélar, borvélar, Rennibekkir Bandsagarblöð, sagarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporjárn.

Öllverð á heimasíðu www.roggi.is





Formaður rennir víkingaskál.



Verkfæri í skúr.



Smáhlutir í skál.



Athyglin er fullkomin.



Íbyggirnir félagar á fundi.

GLÆSILEG VERSLUN Í RAUÐAGERÐI



SAMANÍ
60 ÁR

BYKO

Verlaðu á byko.is

